

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis

Knattspyrnusamband Íslands óskar hér með eftir aðkomu ríkisins að fjármögnun svokallaðrar hitapylsu til að halda Laugardalsvelli leikfærum. Fjárhagsáætlun hljómar upp á 40 til 45 milljónir króna. Pylsan hefur þegar verið notuð og hefði Laugardalsvöllur verið óleikhæfur án hennar þann 9. nóvember síðast liðinn, þegar Breiðablik lék í riðlakeppni Sambandsdeildarinnar. Einnig var hún til taks fyrir leik kvennalandsliðsins þann 31. október en það hefur gerst áður að völlum hafi verið frosinn á þeim tíma. Þá munum við þurfa að nota hana fyrir leik Breiðabliks þann 30. nóvember næst komandi.

Við búum við nýjan veruleika í knattspyrnunni í Evrópu, þar á meðal hér á landi. UEFA (Knattspyrnusamband Evrópu) hefur lengt mótin og nú er svo komið að reikna þarf með að hægt sé að leika knattspyrnu allt árið um kring. Á þetta við um A landslið og félagslið, karla og kvenna. Auðvitað viljum við fara í framkvæmdir og nota fjármuni í það, frekar en leigu en það náðist ekki í haust og því var hitapylsan það eina sem hægt var að gera.

Við vitum ekki um neitt annað land í Evrópu sem er í þessari stöðu.

Við erum þess einnig fullviss að ekkert sérsamband hér á landi hafi þurft að greiða tugi milljóna til þess að gera Þjóðarhöll/Þjóðarleikvang leikfæran. Það er ekki réttlátt að KSÍ þurfi að gera það, eitt sérsambanda.

Vísa ég máli mínu til stuðnings í reglugerð um Þjóðarleikvanga, sérstaklega greinar 2 og 4: <https://island.is/reglugerdir/nr/0388-2018>

Ég ítreka því ósk okkar um aðkomu ríkisins að þessu máli.

Með einlægri von um jákvæð svör.

Kveðja / Regards,
Vanda Sigurgeirsdóttir
Formaður / President
KSÍ / FA of Iceland